

# Persónuverndarstefna Egilshallarinnar

## 1. Inngangur

Heimar hf., móðurfélag Knatthallarinnar ehf. og Kvikmyndahallarinnar ehf. (hér eftir „Egilshöllin“), í hlutverki sínu sem ábyrgðaraðilar kappkosta að tryggja vernd persónuupplýsinga og að vinnsla þeirra sé í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. síðari breytingar, auk annarra laga og reglugerða sem settar eru á sama grundvelli. Persónuverndarstefna þessi tekur til söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga í samskiptum Egilshallarinnar við notendur sína. Tilgangur persónuverndarstefnunnar er að upplýsa notendur Egilshallarinnar um hvernig og hvers vegna persónuupplýsingum er safnað og hvernig þær eru meðhöndlaðar. Egilshöllin vinnur aðeins með persónuupplýsingar í lögmætum tilgangi og ýmist samkvæmt lagaskyldu, með upplýstu samþykki eða á grundvelli lögmætra hagsmuna sem við gætum.

## 2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru hvers kyns persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Dæmi um persónuupplýsingar eru nöfn, kennitölur, netföng, símanúmer o.s.frv. Ópersónugreinanleg gögn teljast þar af leiðandi ekki til persónuupplýsinga. Um nánari skilgreiningu á því hvað teljist persónuupplýsingar og hvað teljist viðkvæmar persónuupplýsingar vísast til 2. og 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018.

## 3. Í hvaða tilgangi vinnur Egilshöllin persónuupplýsingar?

Egilshöllin vinnur persónuupplýsingar í skýrum og yfirlýstum tilgangi líkt og persónuverndarlögin, reglugerðir og innri reglur gera kröfur um. Í flestum tilvikum er upplýsingunum safnað beint frá notendum Egilshallarinnar. Megintilgangur með vinnslu persónuupplýsinga er að inna af hendi þjónustu sem notendur óska eftir. Dæmi um tilgang með slíkri upplýsingasöfnun eru:

- auðkenna og hafa samband við viðkomandi einstaklinga,
- gera samninga við leigutaka og þjónustuaðila,
- inna af hendi þjónustu við leigutaka samkvæmt samningi,
- veita umbeðna þjónustu, s.s. að lána búnað fyrir skautasvell,
- gera tölfræðilegar eða aðrar rekstrarlegar greiningar til innanhússnota, vegna viðskiptaþróunar eða í öðrum sambærilegum tilgangi,
- að senda aðilum sem skrá netfang sitt á póstlista Egilshallarinnar upplýsingar um tilboð og atburði á vegum Egilshallarinnar.
- að eiga samskipti við notendur Egilshallarinnar í gegnum netfangið

- að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef við á vegna tjóna og þjófnaða í Egilshöll, m.a. með öryggismyndavélavöktun.
- að taka á móti styrkbeiðnum sem berast í gegnum heimasíðu Egilshallarinnar.
- að greina heimsóknir á heimasíðu Egilshallarinnar.
- skráning IP-talna þegar aðilar skrá sig inn á þráðlaust net Egilshallarinnar (e. wifi), en þær upplýsingar eru ekki notaðar í markaðslegum tilgangi.
- að búa til viðburði á samfélagsmiðlum, t.d. á Facebook-síðu Egilshallarinnar, svo sem gjafaleiki, þar sem einstaklingar geta líkað við eða sett athugasemdir sínar á stöðuuppfærslu og átt þannig möguleika á að vinna t.d. gjafakort.
- taka á móti greiðslum frá leigutökum,
- inna af hendi greiðslur til þjónustuaðila,
- meta hæfni umsækjenda í störf hjá Egilshöllinni, m.a. ;
  - til þess að auðkenna og hafa samband við umsækjendur
  - til þess að sannreyna hvort meðmæli og aðrar upplýsingar sem umsækjandi veitir séu réttar,
  - til þess að meta hvort umsækjandi komi til greina í starf hjá Egilshöllinni.

#### **4. Hvaða heimildir hefur Egilshöllin fyrir vinnslu persónuupplýsinga?**

Heimildir Egilshallarinnar fyrir vinnslu persónuupplýsinga byggja ýmist á samningi eða fyrirætlun að gera samning að því marki sem vinnslan er nauðsynleg til að efna samning sem viðkomandi er aðili að, samþykki, lögum eða lögmætum hagsmunum. Nánar tiltekið eru heimildir vegna vinnslu persónuupplýsinga sem hér segir:

- Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við móttöku og svörun fyrirspurna frá einstaklingum, þ.m.t. styrkbeiðnir, er framkvæmd á grundvelli samþykkis einstaklingsins sem hefur samband við Egilshöllina.
- Egilshöllin hefur lögmæta hagsmuni af því að halda utan um hverjir hafa fengið lánaðan búnað í eigu Egilshallarinnar til að geta gengið eftir þeim búnaði sé honum ekki skilað.
- Einstaklingar sem skrá sig inn á þráðlaust net Egilshallarinnar samþykkja þar með vinnslu persónuupplýsinga sem safnast við slíka innskráningu.
- Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þjófnað eða tjón í Egilshöll, þ.m.t. öryggismyndavélaeftirlit, er framkvæmt á grundvelli lögmætra hagsmuna Egilshallarinnar í öryggis- og eignarvörsluskyni.

- Í sumum tilvikum kann að koma til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í tengslum við slík mál, svo sem heilsufarsupplýsinga. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga getur slíkum tilvikum verið nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Egilshöllin hefur lögmæta hagsmuni af því að halda skrá yfir leigutaka sína og tengiliði þeirra, þjónustuaðila, notendur og aðra einstaklinga sem félagið á í samskiptum við í því skyni að hafa samband við þá og viðhalda viðskiptasambandinu. Egilshöllin hefur enn fremur lögmæta hagsmuni af því að gera tölfraeðilegar eða aðrar rekstrarlegar greiningar á starfseminni til notkunar innanhúss.
- Vinnsla Egilshallarinnar á persónuupplýsingum samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, s.s. með gerð áreiðanleikakannana og auðkenningu viðskiptamanna, er eingöngu framkvæmd í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkja og samræmist ávallt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Litið er svo á að umsækjendur um störf gefi samþykki fyrir að persónuupplýsingar sem þeir láta Egilshöllinni í té séu notaðar í ráðningarferlinu, enda fari vinnsla persónuupplýsinga ekki fram í öðrum tilgangi en að meta hæfni umsækjenda og hvort þeir komi til greina í starf hjá Egilshöllinni. Verði af ráðningu umsækjanda byggist sú vinnsla á samningi, þ.e. ráðningarsamningi milli umsækjanda og Egilshallarinnar, að því marki sem vinnslan er nauðsynleg vegna framkvæmdar slíks samnings.

## 5. Hvernig og hversu lengi eru persónuupplýsingarnar varðveittar?

Egilshöllin varðveitir persónuupplýsingar á öruggan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd, þ.m.t. reglur Persónuverndar um rafræna vöktun. Gerðar hafa verið tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja persónuupplýsingar gegn t.d. eyðingu og óheimilum aðgangi.

Egilshöllin varðveitir persónuupplýsingar samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu þeirra, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri varðveislutíma. Í sumum tilvikum miðast varðveislutími persónuupplýsinga við kröfur laga, svo sem laga um bókhald.

Umsóknargögn umsækjenda um störf eru geymd eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni. Ef af ráðningu verður er umsókn viðkomandi starfsmanns varðveitt ásamt öðrum persónuupplýsingum um hann í samræmi við persónuverndarstefnu fyrir starfsfólk Heima hf. og dótturfélaga.

Egilshöllinni kann að vera skylt að varðveita persónuupplýsingar lengur en sem að framan greinir á grundvelli lagaskyldu, vegna málaferla, að beiðni yfirvalda eða á öðrum sambærilegum grundvelli.

## 6. Öryggismyndavélar (rafræn vöktun)

Rafræn vöktun með öryggismyndavélum í og við húsnæði Egilshallar byggir á lögmætum hagsmunum og er metin nauðsynleg í öryggis- og eignavörsluskyni. Tilgangur vöktunarinnar er að varna því að eigum sé stolið, þær skemmdar eða farið sé um húsnæði Egilshallar í leyfisleysi.

Öryggismyndavélar eru staðsettar víða í Egilshöll, s.s. við innganga, á göngum, opnum rýmum. Lóð Egilshallar og bílastæði eru einnig vöktuð á völdum stöðum. Sérstakar merkingar eru við lóðamörk og innganga til að þeir sem eiga leið um svæðið viti af tilvist myndavélanna.

Myndefnið er eingöngu skoðað ef upp koma atvik sem varða eignavörslu eða öryggi, s.s. ef þjófnaður hefur átt sér stað, skemmdarverk eða slys. Myndefnið er geymt í 30 daga og eyðist sjálfkrafa. Myndefni sem verður til við vöktun er ekki afhent öðrum og ekki unnið með það nema með samþykki þess sem upptakan er af eða með heimild Persónuverndar. Undantekning frá þessu er að heimilt er að afhenda lögreglu eða tryggingarfélagi upptökur, varði þær upplýsingar um slys eða refsiverða háttsemi, eins og kveðið er á um í reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

## 7. Hverjir geta verið viðtakendur persónuupplýsinga?

Egilshöllin kann að miðla persónuupplýsingum samkvæmt persónuverndarstefnu þessari til ráðgjafa og þjónustuaðila, t.d. þeim sem hýsa hugbúnaðarkerfin sem notuð eru hjá félaginu. Ráðgjafar og þjónustuaðilar þessir eru bundnir trúnaði. Í tengslum við slíka miðlun er engum persónuupplýsingum miðlað út fyrir EES-svæðið, nema þegar stuðst er við MailChimp til að senda upplýsingar um tilboð og atburði með tölvupósti til meðlima á póstlista Egilshallarinnar, en þá er viðtakandi persónuupplýsinga The Rocket Science Group LLC d/b/a MailChimp sem staðsett er í Bandaríkjunum og fylgir EU-U.S. Data Privacy regluverkinu.

Egilshöllin kann að afhenda löggæslufirvöldum og öðrum bærum þriðju aðilum persónuupplýsingar um notendur sína ef það er nauðsynlegt, svo sem vegna réttarkrafna eða samkvæmt lögum.

Þá kann Egilshöllin að afhenda persónuupplýsingar til þriðja aðila í tengslum við samruna, yfirtöku, félagsslit og önnur sambærileg tilvik.

## 8. Hver eru réttindi einstaklinga?

Einstaklingar samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eiga rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að persónuupplýsingum um þá sjálfa sem Egilshöllin hefur með höndum. Þeir eiga enn fremur rétt á að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á samþykki hvenær sem er. Þeir eiga einnig rétt á að óska eftir að láta leiðrétta, í sumum tilvikum eyða eða takmarka vinnslu slíkra persónuupplýsinga eða andmæla slíkri vinnslu. Þessum réttindum er nánar lýst í lögum um persónuvernd, sbr. nú 17. og 20. gr. laga nr. 90/2018.

Í ákveðnum tilvikum geta einstaklingar átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar sem þeir láta Egilshöllinni í té fluttar til annars ábyrgðaraðila. Framangreindum réttindum kunna þó að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum.



Telji einstaklingar að vinnsla Egilshallarinnar á persónuupplýsingum samrýmist ekki gildandi persónuverndarlögum er þeim bent á að hægt er að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsstjórnvaldi, Persónuvernd.

Frekari spurningum um réttindi einstaklinga eða vinnslu Egilshallarinnar á persónuupplýsingum skal vinsamlegast beint til [personuvernd@egilsholl.is](mailto:personuvernd@egilsholl.is).

## 9. Vefgreining og kökur (e. cookies)

Vefkökur (e. cookies) eru litlar textaskrár sem eru vistaðar á tölvunni þinni eða í öðrum snjalltækjum þegar þú heimsækir vefsíðu. Heimasíða okkar virkar best þegar notkun á kökum (cookies) er samþykkt. Kökur eru litlar textaskrár sem eru vistaðar á tölvu eða snjalltæki þegar einstaklingur heimsækir vefsíðu Egilshallarinnar. Allar persónuupplýsingar sem kunna að verða til við notkun á kökum eru meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarlög og reglur. Kökur eru m.a. notaðar til að mæla umferð um heimasíðu Egilshallarinnar og til þess að bæta þjónustu notenda. Eftirfarandi upplýsingum er safnað á vef Egilshallarinnar:

- Fjöldi gesta á heimasíðu
- Lengd heimsóknna á heimasíðu
- Tími og dagsetning heimsóknar á vefsíðunni
- Vefaðsókn af vefborðum og samfélagsmiðlum inn á tiltekna hluta heimasíðunnar
- Hvaða efni er skoðað á síðunni og hversu oft
- Aldursbil, kyn og landfræðileg staðsetning notenda
- Tegund vafra, stýrikerfa og tækja sem notendur notast við á síðunni

## 10. Breytingar

Heimar hf. áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er, s.s. ef breytingar verða á vinnslu persónuupplýsinga eins og henni er lýst í persónuverndarstefnu þessari eða ef þess gerist þörf á grundvelli breytinga á lögum eða reglum um persónuvernd og meðferð persónuverndarupplýsinga. Tilkynnt verður um efnislegar breytingar sem verða á persónuverndarstefnu þessari. Auk þess má alltaf nálgast nýjustu útgáfu stefnunnar á vefsíðu Egilshallarinnar, [www.egilshollin.is](http://www.egilshollin.is)

Persónuverndarstefna er endurskoðuð árlega eða oftár ef sérstök þörf krefur.

**Pannig staðfest af framkvæmdastjórn Heima hf. þann 17. september 2024.**

Halldór Benjamín Þorbergsson



Baldur Már Helgason



Björn Eyþór Benediktsson



Dagbjört Erla Einarsdóttir



Páll V. Bjarnason

